



## Samráðshópur um Cittaslow á Djúpavogi

4. fundur 30. mars 2023 kl. 16:15 í Geysi

Dagskrá:

1. Styrkur til jaðarbyggða

Gauti Jóhannesson fulltrúi sveitarstjóra á Djúpavogi stjórnaði fundi og ritaði fundargerð.

Mættar: Íris Birgisdóttir, Þórdís Sigurðardóttir og Huguína Jónsdóttir.

---

1. Styrkur til jaðarbyggða

Á fundi heimastjórnar á Djúpavogi 9. mars var bókað eftirfarandi:

*3. Menningarstyrkur SSA til jaðarbyggða árið 2023*

*Málsnúmer 202301223*

*Sérstakt fjármagn er ætlað í menningarstarf jaðarsvæða, á Djúpavogi og Vopnafirði í gegnum Sóknaráætlun Austurlands. Á hvoru svæði fyrir sig er áætlað árlega 500.000 kr. og sama upphæð kemur á móti frá sveitarfélaginu. Fyrir fundinum liggur minnisblað frá verkefnastjóra menningarmála varðandi menningarstyrki til jaðarbyggða 2023 þar sem hún óskar eftir hugmyndum frá heimastjórn um hvernig fjármagnið geti nýst sem best fyrir íbúa gamla Djúpavogshrepps.*

*Heimastjórn á Djúpavogi er sammála um að styrknum verði úthlutað til starfshóps um Cittaslow sem ákveði nánar um hvernig honum verður ráðstafað.*

Samráðshópur um Cittaslow á Djúpavogi er sammála um um styrk til jaðarbyggða 2023 verði varið til að skrá og varðveita samtímaheimildir s.s. úrklippur, myndbönd, ljósmyndir og útgefið efni sem tengist gamla Djúpavogshreppi. Hópurinn leggur áherslu á að gera efnið aðgengilegt og að íbúar komi saman til að njóta þess s.s. á myndakvöldum og við sérstök tilefni. Ákveðið að útfæra hugmyndina frekar á næsta fundi.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:20.

Gauti Jóhannesson, fundarritari.